

Sp.

465. Tillaga til þingsályktunar

[234. mál]

um ný samvinnufélagalög.

Fm.: Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning nýrrar lög-  
gjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru sett ný lög um hlutafélög. Með þeirri löggjöf er lagður  
grunnur að öflugri og heilbrigðri starfrækslu hlutafélaga, en hlutafélagalögin frá  
1921 voru að ýmsu leyti ófulkomin, eins og eðlilegt er. Sama er að segja um samvinnu-  
félagalögin. Ef samvinnufélög eiga að dafna, er þörf verulegra umbóta, enda gera  
stjórnendur þeirra margir hverjir sér grein fyrir því. Sama er að segja um samband  
samvinnufélaga.

Meðal þeirra, sem vakið hafa athygli á nauðsynlegri nýbreytni, er Erlendur  
Einarsson, forstjóri S.Í.S. Í erindi, sem hann flutti á ráðstefnu 2. sept. 1972, sagði  
hann m. a.:

„Nú langar mig til að varpa fram þeirri spurningu, hvernig þetta gæti litið  
út hjá okkur í dag, ef við færum að gefa út stofnbref. Við skulum taka Sambandið  
sem dæmi. Við skulum hugsa okkur að Sambandið gæfi kaupfélögunum kost á stofn-  
brefum og við skulum taka árið í fyrra, 1971. Þegar við lítum á efnahagsreikning  
Sambandsins 31. des. 1971, þá er eigið fé, það sem við köllum eigið fé, um 607 milljónir  
króna. Þar eru ekki meðtaldar aukaafskriftir af eignum, vörubirgðum og öðru,  
þannig að það mætti bæta við þetta hundrað milljónum, þannig að þetta yrði þá  
um 700 milljónir.“

Síðar segir Erlendur Einarsson:

„Ég vil koma að því, — ég gleymdi því alveg áðan, — að til þess að koma  
þessu í kring, að byggja upp svona almenningsþátttöku, þá verður að sjálfsögðu  
að breyta lögnum. Það verður að breyta samvinnulögnum og einnig að breyta  
skattalögnum.“

Skattfrelsi sparifjár í innlánsstofnunum hefur, að mínu álit, m. a. stuðlað að  
því að fjármagn hefur frekar leitað í banka, sparisjóði og innlánsdeildir heldur  
en ella og kannske komið í veg fyrir það, að við séum að leita að nýjum leiðum  
til að fá þátttöku almennings til að koma með fjármagn inn í samvinnufélögin. Og  
þótt skattfrelsið hafi eitthvað hjálpað, þá hefur það í sumum tilfellum orðið bjarnar-  
greiði.

Hér verður því að breyta lögnum og ég veit, að Eyjólfur Konráð Jónsson  
verður mér hjálplegur, ég vona það, þegar að því kemur, að fá lagabreytingar um  
þetta.“

Tímabært er nú að hefja endurskoðun samvinnufélagalaga, og að sjálfsögðu  
yrði samráð haft við forustumenn samvinnufélaga og samvinnusambandsins.